

AUGLÝSING

um samning við Mexíkó um undanþágu frá vegabréfsáritun fyrir handhafa diplómátskra vegabréfa og þjónustuvegabréfa.

Samningur milli ríkisstjórnar Íslands og ríkisstjórnar Sameinuðu mexíkósku ríkjanna um undanþágu frá vegabréfsáritun fyrir handhafa diplómátskra vegabréfa og þjónustuvegabréfa, sem gerður var í Mexíkóborg 11. mars 2008, öðlaðist gildi 9. júní 2008.

Samningurinn er birtur sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytinu, 7. desember 2022.

F. h. r.
Martin Eyjólfsson.

Anna Jóhannsdóttir.

Fylgiskjal.**SAMNINGUR****MILLI RÍKISSTJÓRNAR ÍSLANDS OG RÍKISSTJÓRNAR
SAMEINUÐU MEXÍKÓSKU RÍKJANNA UM UNÐANÞÁGU
FRÁ VEGABRÉFSÁRITUN FYRIR HANDHAFA DIPLÓMATÍSKRA
VEGABRÉFA OG ÞJÓNUSTUVEGABRÉFA**

Ríkisstjórn Íslands og ríkisstjórn Sameinuðu mexíkósku ríkjanna, hér á eftir nefndar „aðilarnir“, sem að teknu tilliti til vináttubanda milli ríkjanna tveggja,

sem vilja greiða fyrir komu ríkisborgara sinna, sem eru handhafar diplómátískra vegabréfa og þjónustuvegabréfa, gegnumferð þeirra um og dvöl í landi hvorrar um sig,

hafa orðið ásáttar um eftirfarandi:

1. gr.

1. Borgurum Sameinuðu mexíkósku ríkjanna, sem eru handhafar gilda diplómátískra vegabréfa og þjónustuvegabréfa, er heimilt að ferðast til Íslands, eiga gegnumferð um yfirráðasvæði þess og dvelja þar í allt að níutíu (90) daga án vegabréfsáritunar.
2. Íslenskum ríkisborgurum, sem eru handhafar gilda diplómátískra vegabréfa og þjónustuvegabréfa, er heimilt að ferðast til Sameinuðu mexíkósku ríkjanna, eiga gegnumferð um yfirráðasvæði þeirra og dvelja þar í allt að níutíu (90) daga án vegabréfsáritunar.

2. gr.

Þrátt fyrir ákvæði samnings þessa eru handhafar vegabréfa, er um getur í 1. gr., ekki undanþegnir þeirri skyldu að hlíta reglum um innflutning fólks sem lögbær yfirvöld aðilanna gera kröfu um.

3. gr.

Ríkisborgarar aðilanna, sem eru handhafar gilda diplómátískra vegabréfa og þjónustuvegabréfa og verða settir til starfa í sendiráði eða ræðisskrifstofu á yfirráðasvæði hins aðilans, þurfa ekki tilsvarendi vegabréfsáritun áður en þeir koma til viðtökulandsins, en verða að vera skráðir í tilsvarendi utanríkisráðuneyti áður en þrjátíu (30) dagar eru liðnir frá komu þeirra til landsins, sem er tilefni til þess að veita þeim stöðu innflytjanda samkvæmt lögum sem gilda um starfsmenn erlendra sendiráða sem hafa búsetu í landinu. Fyrirgreind meðferð nær og til maka viðkomandi og barna á framfæri hans eða hennar sem eru handhafar diplómátískra vegabréfa og þjónustuvegabréfa.

4. gr.

Samningur þessi gengur ekki gegn rétti lögbærra yfirvalda aðilanna til þess að neita mönnum um aðgang að eða dvöl á yfirráðasvæði hins aðilans ef vera þeirra þar er talin óæskileg.

5. gr.

Hvor samningsaðila sem er getur skotið beitingu ákvæða samnings þessa, öllum eða hluta þeirra, á frest, af öryggisástæðum eða af ástæðum er varða allsherjarreglu eða heilsuvernd, eins lengi og sá aðili sem grípur til slíkra aðgerða telur nauðsynlegt. Tilkynna ber hinum aðilanum þegar í stað um fyrirnefnda frestun og hvenær hún tekur enda eftir diplómátískum leiðum og tilgreina jafnframt þann dag þegar hún tekur gildi.

6. gr.

Aðilarnir munu skiptast á sýnieintökum af vegabréfum sínum, eftir diplómátískum leiðum, eigi síðar en þrjátíu (30) dögum áður en samningur þessi öðlast gildi. Aðilarnir munu tilkynna hvor öðrum um breytingar sem eru gerðar á fyrirnefndum vegabréfum og láta hvor öðrum í té sýnieintök af hinum breyttu vegabréfum, að fram kominni ósk þar um.

7. gr.

Samningur þessi öðlast gildi níutíu (90) dögum eftir að hann er undirritaður.

Samningur þessi gildir í ótiltekinn tíma; engu að síður getur hvor aðili um sig sagt honum upp með skriflegri diplómatskri orðsendingu til hins aðilans, eftir diplómatskum leiðum, eigi síðar en sextíu (60) dögum fyrir þann dag þegar uppsögnin tekur gildi.

Undirritað í Mexíkóborg hinn 11. mars 2008 í tveimur frumeintökum á ensku og spænsku. Ef ágreiningur rís um túlkun skal enski textinn ráða.

**FYRIR HÖND RÍKISSTJÓRNAR
ÍSLANDS**

Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir
menntamálaráðherra

**FYRIR HÖND RÍKISSTJÓRNAR
SAMEINUÐU MEXÍKÓSKU RÍKJANNA**

Patricia Espinosa Cantellano
utanríkisráðherra

AGREEMENT
BETWEEN THE GOVERNMENT OF ICELAND AND THE GOVERNMENT
OF THE UNITED MEXICAN STATES ON THE EXEMPTION
OF VISA FOR HOLDERS OF DIPLOMATIC
AND OFFICIAL PASSPORTS

The Government of Iceland and the Government of the United Mexican States, hereinafter referred to as “the Parties”;

TAKING INTO CONSIDERATION the bonds of friendship between both States;

DESIRING to facilitate the entry, transit through and stay of their nationals holding diplomatic and official passports in their respective countries;

Have agreed as follows:

ARTICLE 1

1. Nationals of the United Mexican States holding valid diplomatic and official passports may travel to Iceland, transit through and stay in its territory for a period not exceeding ninety (90) days without a visa.
2. Nationals of Iceland holding valid diplomatic and official passports, may travel to the United Mexican States, transit through and stay in its territory for a period not exceeding ninety (90) days without a visa.

ARTICLE 2

The present Agreement does not exempt the holders of the passports mentioned in Article 1 from the obligation to comply with the migratory regulations demanded by the competent authorities of the Parties.

ARTICLE 3

Nationals of the Parties holding valid diplomatic and official passports who will be appointed to an Embassy or a Consulate in the territory of the other Party, shall not need a corresponding visa prior to their arrival in the country of destination, but they must be accredited at the corresponding Ministry of Foreign Affairs within thirty (30) days after their entry into the country, occasion in which they will be granted the migratory status in accordance with the laws relative to the personnel of foreign missions residing in the country. This treatment will be extended to the spouse and dependent children holding diplomatic or official passports.

ARTICLE 4

The present Agreement will not interfere with the right of the competent authorities of the Parties to deny the access or the stay in the territory of the other Party to persons whose presence is considered *non grata*.

ARTICLE 5

Either Party hereto may suspend totally or partially, the application of this Agreement for security reasons, public order or health protection for as long as considered necessary by the suspending Party. The suspension and its termination, will be immediately communicated through diplomatic channels to the other Party, stating the date in which the suspension shall enter into effect.

ARTICLE 6

The Parties will exchange through diplomatic channels, specimens of their passports, at least thirty (30) days before this Agreement comes into force. The Parties will notify each other of modifications in the aforementioned passports and provide each other with specimens of the modified passports upon request.

ARTICLE 7

The present Agreement shall enter into force ninety (90) days from the day of its signature.

This Agreement shall remain in force for an indefinite period of time; nevertheless, either Party may terminate it upon written diplomatic notification to the other Party, through diplomatic channels, at least sixty (60) days before the termination date.

Signed at Mexico City, on March 11, 2008, in two originals in English and Spanish. In case of divergence of interpretation, the English text shall prevail.

**FOR THE GOVERNMENT OF
ICELAND**

Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir
Minister for Education, Science and Culture

**FOR THE GOVERNMENT OF THE
UNITED MEXICAN STATES**

Patricia Espinosa Cantellano
Minister for Foreign Affairs